

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1995

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured covers/
Couverture de couleur
- Covers damaged/
Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- Tight binding may cause shadows or distortion
along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la
distorsion le long de la marge intérieure
- Blank leaves added during restoration may appear
within the text. Whenever possible, these have
been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées
lors d'une restauration apparaissent dans le texte,
mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont
pas été filmées.
- Additional comments: / Text in Icelandic.
Commentaires supplémentaires:

- Coloured pages/
Pages de couleur
- Pages damaged/
Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached/
Pages détachées
- Showthrough/
Transparence
- Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
- Continuous pagination/
Pagination continue
- Includes index(es)/
Comprend un (des) index
- Title on header taken from: /
Le titre de l'en-tête provient:
- Title page of issue/
Page de titre de la livraison
- Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
- Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10x	12x	14x	16x	18x	20x	22x	24x	26x	28x	30x	32x
					✓						

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



National Library of Canada

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

Bibliothèque nationale du Canada

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



1.45

1.50

1.6

1.8

2.0

2.2

2.5

2.8

3.0

3.2

3.6

4.0

4.5

5.0

5.6

6.3

7.1

8.0

9.0

10



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax



FOLYAR RÓSIK


Car. Lyngholt,
Bjarni

A. Bjarnanson.

4487 Quebec St.
Vancouver, B. C.

999







William Bynghall

1913

BJARNI LYNGHOLT:

Fölvar Rósir

FRA ARUNUM
1892—1913



*"If my verses be not good,
they are good humoured,
and that is something."*

EDWARD-FITZ-GERALD

WINNIPEG, CANADA.
1913

P38473

Y53

F64

1913

p**A

890185

PROSLAMBANOMENOS.

I sometimes think that never blows so red
The Rose as where some buried Caesar bled;
That every Hyacinth the Garden wears
Dropt in its Lap from some once lovely Head!

Alas, that Spring should vanish with the Rose!
That Youth's sweet-scented Manuscript should
close!

The Nightingale that in the Branches sang,
Ah, whence, and whither flown again, who knows!

'Tis all a Chequer-board of Nights and Days
Where Destiny with Men for Pieces plays;
Hither and thither moves, and mates, and slays
And one by one back in the Closet lays.

Omar Khayfám.



TIL LESANDANS.

*I brekkunum heima, við bjallanna skjól,
Er bernskunnar ljómaði dagur
Og faðminn eg breiddi mót sí-ungri sól,
Þá sýndist mjer heimurinn fagur;
Því æskan og sakleysið átti þar Lund
Með útsprungnar rósir, um vorhlýja stund.*

*En brátt skall á hretið, sem hlýirdin sleit,
Svo hrundu' allar skýjanna borgir;
Og fölva þá sló yfir rósanna reit —
Um rústirnar flögruðu sorgir;
Þær auðnir nú skoða' eg við æskunnar ljós,
Því enn þá jeg vona að spretti þar rós.*

Og verði þjer reikað til haganna heim
— Um hlíðarnar mínar og lundinn —
Þá heilsa með bróðurhug berlendum þeim,
Og best er að eigir þú fundinn
Ef felst þar í sinunni fölvalaus rós —
I frostunum yllur, í rökkrunum ljós.

Því skjálfhentur þó jeg við skriftina sje
I skímunni' af blaktandi ljósum,
Og sitji nú lotinn, með hörpuna' á hnje
Við hrúgu af bliknuðum rósum,
Þá veit jeg þeir finna, sem eignast minn óð,
Að ungur jeg var, er jeg kvað þessi ljóð.



Sim


heim,

je

ie

óð,
ð.

FÖLVAR RÓSIR.



HEKLA.

Hve fagurt er um Frón að lita,
A fjalla tind sem ber við ský —
A Heklu-faldinn fanna-hvíta!
— Því fögur sjón er ávalt ný.
Þú hefur svip af himin gyðjum.
Já, Hekla, stór er saga þín!
Þú heldur mjer í helgum viðjum.
Jeg held þú verðir konan mín!

Hve sárt mjer finnst, ef sje jeg ekki
A silfurhvíta kollinn þinn;
Því einga slíka enn jeg þekki
Svo undur fagra meyjar kinn.
Þín fegurð aldrei fölnað getur
Í faðmalögum klaka lands;
Um sumar jafnt og svalann vetur
Þú sveipar ennið hærुकrans.

Þitt skarlat er af skorpnum hraunum—
Úr skógar reinum silkibönd;
En undir hlaðin ertu kaunum,
Sem engin mannleg græðir hönd;
Því sár þín ógnar-eldi blæða,
Er eins vel bræðir stein sem mjöll;
En kristals-tár af augum æða,
Sem iða niður Rangárvöll.

Þú aldna drottning Íslands fjalla
— í árdags roða fegri sól —
Er lokkar þínir ljósir falla
Um logum-ofinn steypu-kjól;
Og þegar röðull sezt að sænum
Og sveipar gulli faldinn þinn —
Þú brosir hlýtt í himinblænum
Og hej"ar til þin anda minn.

A meðan skíð í arni funar,
Og árdags sólr geislum strá;
A meðan foss af bergi bunar
Og byltast lækir fram að sjá;
A meðan lífið lopti nærist,
Og lýsir máni snjóvgan tind;
A meðan önd í brjósti bærisk,
Jeg ber í hjarta þína mynd.

1892.

HEILABROT.

Ó, þú blessaða æskunnar brosand: stund!
Eins og bunandi lækur í skróðrænum lund,
Er þín óðfluga rás, gegnum unaðar heim —
Gegnum indælar vonir í töfranna geim.
Eins og titrandi ljós, sem að tendrast á ný,
Eins og tindrandi stjarna, sem blikar við ský;
 Því að lífið er glys,
 Eins og leiptrandi blys,
 Sem að logar og slokknar—í vindi—á mis.

Ó, þú svellandi harmanna titrandi tár,
Sem að talar frá hjartanu' um blæðandi sár
Og um sárustu minning frá saknaðar-stund;
Eins og sviðandi verkir í banvænni und
Er þitt logandi eldstrauma ólgandi flóð,
Sem að aftráðak rennur um kulnaða glóð;
 Því að lífið er strið

Eins og hagljelja hrið,
Sem að hamast á glugga í náttmyrkra tíð

En við hræðumst ei lífið nje þrautirnar þess,
Og við þiggjum ei markaðan örlaga sess;
Því að andinn er frjáls, eins og fleygasti örn—
En á fluginu verðum við hamingju börn.
Svo við hlæjum og syngjum, og skoppum á skeið
Eins og skemtiför verður þá æfinnar leið;
Því að lífið er braut
Gegnum lukku og þraut,
Til að leit'að og finna hið eilífa skaut.

1892

myrkra tíð.

irnar þess,

sess;

rasti örn—

örn.

um á skeið

leið;

kaut.

92

SKILNAÐUR.

Hve sviplega hverful er söngfugla raust—
Hve sorgum opt gleðin er búin!
Því kólnað er sumar og komið er haust.
Og kætin úr brjóstinu flúin.

Jeg man þó jeg lifði svo ljómandi vor
Og leit fram á sólbjarta daga;
Þá hljóp jeg sem unglamb hvert einasta spor
Og ekkert þá var mjer til baga.

Jeg undi svo barnslegur upp við þann barm
— Svo óttalaus, saklaus og glaður;
Jeg vafðist svo hlýlega af þínum arm,
Jeg engill varð fremur en maður.

Því ast mín er brennandi, eilíf og hrein.
Jeg átti svo tápmikið hjarta
Að engin gat sigrað það, utan þú ein
— Angað þitt — sálin þín bjarta.

En nú er það sigrað; já sigrað um of.
Þó sorginni muni jeg leyna
Hún geymist til dauðans. En guði sje lof,
Að gefa mjer ástina hreina.
Því aptur—á kvöldin—þá augun jeg læt
Og árla, þá ris jeg af beði,
Þá hvarfla jeg til þín með hugann, og græt,
Og hef í því svölun og gleði.

Svo þó við nú kveðjumst í síðasta sinn
Og sjáumst ei framar í heimi,
Og hvarflandi stundum sje hugurinn minn,
Jeg held að jeg aldrei þjer gleymi.

Jeg hata þig ekki. Jeg elska þig enn!
Þó uppspretta táranna þorni
Þjer ást mína geym'eg. Við sjáustum senn—
Við sjáumst á eilífðar morgni.

1892

n of.
ði sje lof,
eg læt
og græt,
sinn
minn,
senn —
892

BROT

úr hugleiðingum um lífið.

Vort líf, það er hverfult, því hverfult er alt.
Íð heitasta verður á svipstundu kalt.
Því leiðin er fljettuð af sætleik og sárum
Og sælustu vonirnar laugast í tárur.

— — — — —
— — — — —

Því tímarnir breytast, og breytast því menn
Þeir breyzt hafa fyrrum, og svo er það enn,
Að alt, sem er jarðneskt, af göflunum gengur,
Og gildi þess varir ei stundinni lengur.

1893

LEIÐSLA.

Í fjalla söllum, fjarri lífsins glaumi.
Er furðulega sælt að hafa blund,
Og svifa frjáls í sætum vona draumi
Er sæluríkt, um þögla nætur stund,
Og líta yfir líf og rúm og tíma,
Og liðna öld, og hennar Sögu hrós;
Og daga þá, sem dulins hylur gríma, —
Dauðann, gröf og æðra morgunljós.

Jeg sá það fyrst, ieg sat í þungu. . . hörmum
Við Ceres brjóst í hlýjum morgunvind;
Jeg var sem barn, á blíðrar móður örmum,
Sem báru mig á háan fjalla tind.
Og þaðan sá jeg himin, jörð og hafið,
Og hulda veröld, gegnum þokuský;
En á það fjall var gullnum rúnum grafið:
Ó, gleðstu, maður, drottni þínum í.

Jeg leit nú yfir liðnar æfistundir
Og leiðina, á horfnri æsku tíð;
Jeg sá hún lá um liljum stráðar grundir,
Og líka gegnum hörmungar og stríð.
Jeg sá jeg hafði ungur illa látið,
En einatt lifað fagrann sólskins dag;
Jeg sá jeg hafði setið líka og grátið
Og sviptur vinum kveðið harma lag.

Jeg sá þar framtíð setta dökkum rúnum,
Er sólin aldrei vildi gefa skin,
Og hála leið í bröttum fjalla brúnum
Er beygði fjarri hverjum æskuvín.
Jeg sá þar elli, sveipta gráum hárum,
Er sviðu ótal gömul vöggu mein,
Og síðast leiði, laugað fáum tárur,
Með lágum rósum fyrir bautastein.

Jeg vildi kveða, en varð ei neitt að orði,
Jeg vildi syngja, en kunni ekkert lag.
Jeg þögull stóð, og hauðrið yfir horfði
Og hetjaldar syrgði liðinn dag.
Jeg vildi gráta, en gat þó ekki tárast;
Mjer gramdist lífsins heimska, spilling, tál;
En það var sem mjer þókti allra sárast,
Að þurfa lífs- í botn að drekka- skál.

Mjer fanst jeg geta flogið yfir heiminn,
Að flýja þetta voðalega : ð,
Og sveimað eins og andi uti geiminn
Og ekki þurfa til þess langa tíð.
En Ceres var þá svifin burtu frá mjer.
Jeg sat á klett og horfði niðrá stord;
En skuggann hafð'ún skilið eftir hjá mjer.
Jeg skelfdist þá og mælti þessi orð:

Þú fagra dís, sem fluttir mig í draumi.
Um fjöll og dali, engi, voga' og sund.
Mjer búðu far með ströngum lækjar straumi
Af stalli þessum, niðrá sljetta grund.
Og þar, sem eyrin útvið bakkann háa
Í odda skerst, er lækur mætir sæ,
En langt í fjarlægð fjallið gnæfir háa;
Þar feldu sandi einstæðingsins hræ.

1893

AFMÆLISKVEDJA.

Til frú Mörtu Jónsdóttir á Seljalandi.
[þegar hún var 25 ára. Á gamlársdag 1893.]

“Nú ár hafa liðið i aldanna skaut”

Og áranna fjöldi er hulinn,

En ýms er þó minning á æfinnar braut—

Frá umliðna tímanum — gleði og þraut,

Sem ei verður afmáð nje dulln.

Já, margs er nú, Marta, að minnast í kvöld

Og mikil og háleit er stundin.

Þú fullkomnað hefur nú fjórðung af öld;

Sem fæst ei til baka, því daganna fjöld

Er talin og takmörkum bundin.

Þú horfir til baka, en horfið er alt

Með hverfandi tímanna strauml.

Þú litur til baka, en liðið er alt —

Þig langar það kaupa, en það er ei falt;

Þú litur það líkt og í draumi.

En eptir er tími, því eptir er líf,
Sem örlaga rúnirnar þýðir.
Hann færir þjer gleði? Hann færir þjer kif
Hann færir þjer dauða?—Hann færir þjer líf
— Hann færir þjer friðland um síðir.

Vjer óskum þjer blessunar, ókomin ár
Vjer óskum þjer hamingju, Marta!
Vjer óskum þú eigir mörg ólifuð ár;
Vjer óskum þjer samhuga: Gleðilegt ár.
Vjer árnun þjer heilla af hjarta!

1893

r þjer kif?
ir þjer lif?
m síðir.

ár
arta l
;
e g t á r.

1893

GRAFSKRIFT.

Yfir hann, sem liggur hjerna látinn,
Langar fáa bautastein að setja;
Eftir þann, sem ekki verður grátinn,
Enginn þykist minning kveðið geta.

Þetta er þó bein af okkar beinum.
— Brekkan erfið hjálparlausum kröptum.
Hjerna fleygði 'ann mæðu sinni og meinum,
Margnagaður rógberandi kjöptum.

Hjerna tók hann hvíld á miðju skeiði —
Hjerna var hann loks að kröptum þrotinn —
Hjerna hvílir hann und lágu leiði.
Lífsins hlekkur nú er sundur brotinn.

Aldrei framar hörpu strengi hrærir
Hróðmæringur nú, um daga langa;
Aðeins nárinn bleikar varir bærir —
Biður alla, sem að framhjá ganga:

Komið hjer og kastið til mín stöku—
Kveðið við mig eina drauga rímu;
Mjer er sama í svefni bæði' og vöku —
Sjaldan hef jeg skorast undan glímu.

Komið hjer og sjáið minar syndir.
— Sjálfur hef jeg aldrei verið feiminn. —
Tíminn hefur málað þessar myndir.
Margur var á annars kosti gleyminn.

Komið hingað, allir Adams synir,
Eigið hrafnaþing á leiði mínu!
Hvort sem fjendur vitja' 'ans eða vinir,
Vakir nárinn enn í bóli sínu.

1894.

AVARP

til stúkunnar "*Einingin*" Nr. 14.*)

[Sungtö á afmælishátíð hennar 1894.]

Íslands niðjar — Íslands dætur, synir, —
Íslands kappafjóð á fætur ris!
Íslands hetjur, Íslands frelsis vinir —
Út í stríð, því sigurinn er vis.
Út í stríð, mót vinguðs voða táli,
Vörumst freistni, stöndum fastir nú;
Herjum djarft með frelsis brand og báli
Berjumst fyrir *kærleik, von og trú*.

Hræðumst ei þótt hlægi að oss bjánar,
Hopum eigi fyrir drykkjulyð;
Á vorum stöngum blakta frelsis-fánar,
Fyrir þeim er gott að heyja stríð.
Óttumst hvergi, oss er búinn sigur —

*.) Sjerprentað í Reykjavík 1894.

Aldrei frægri sigur held'r enn nú;
Enginn hefir brugðið betri vigur
— Beittari — en *kærleik, von og trú.*

Íslandsþjóð, sem áður lágst í böndum
Odrykkjunnar — síðum spilta þjóð! —
Berstu djarft með frjálsum hetju höndum
Hafir þú í æðum nor-rænt blóð;
Fagna björtum frelsis morgunroða,
Fram til starfa; hljóma láttu nú:
Heill sje þeim, sem börnum mínum boða
Bindindið í *kærleik, von og trú.*

Íslands niðjar — Íslands dætur, synir —
Íslands hjartna meginradda fjöld;
Íslands ketjur, Íslands frelsis vinir,
Allir biðjum samhuga í kvöld:
Vorur frelsi fjendur aldrei bifi,
Fræin blómgist, þau er saum nú;
Blessist, eflist, breiðist út og lifi
Bindindið í *kærleik, von og trú.*

1894.

PÍSLARÞANKAR SIGGA SÍFULLA.

Jeg þekkt'ana fyrst, þessa eldheitu ást.
Á einu svolitlu "balli".
Jeg var þó svo gætinn að varla það sást
Að væri jeg ástsjúkur "tralli";
En stuttur leið tími uns stillingin brást
Og stóð jeg í ástmála "ralli".

Jeg slæptist á götunum kvöld eptir kvöld,
En kom ekki sjerlega víða.
Mjer fannst sem að lifði jeg öld eptir öld
Og ætti við mikið að stríða,
Því ástin og hjarta mitt ei voru köld
— Hún átti þau bæði, hún Friða.

Jeg komst lok. í skotfæri, kvöld eitt, um síð,
Og kætín þá brann mjer í hjarta.
Hún vakti þá alein, svo barnslega blið,
Með brúnina hrafntinnu svarta.

Og enn var hún töfrandi, indæl og frið,
Með ennið sitt stóra og bjarta.

Jeg gekk fyrir gluggann, og svanni það sá,
Og setti því hönd fyrir auga.
Jeg sá henni eitthvað svo illa við brá,
Sem úti að hræddist hún drauga.
Jeg hneigði mig kurteis og þýðlega þá;
Og þá fjekk jeg vingjarnlegt auga.

Og glugganum fjarri jeg stundarkorn stóð;
Hún stóð líka—eins og í draumi.
Í kinnunum iðaði bál eða blóð,
Sem bærðist af innvortis straumi.
Að húsinu bráðlega aptur jeg óð
Með ástina og kjarkinn í taumi.

Mjer fannst að jeg þyrfti að hitta þar hrund.
Jeg hafði víst óskað þess lengi.
Jeg hjelt að það væri nú heppileg stund,
Að heyra hver andsvör jeg fengi.
Mjer fannst jeg nú hafa svo ljettúðga lund,
Jeg lifði þá, hvernig sem gengi.

Jeg stoltur en feiminn í fyrstunni var;
Mjer fannst ekkert smálegt að vinna.

En djarflega erindið upp jeg þó bar,
Sem orðrjett má hjer ekki finna.
Jeg heimtaði 'ún gæfi mjer heppilegt svar,
Jeg hjelt 'henni bær' ekki minna.

Hún varð bara hissa og vafðist um mál;
Hún viss' ekki hvað skyldi segja.
Hún hjelt víst jeg færi með hræsn' eða tál
Og hentugast leit því að þegja.
Jeg vild' ekki þvinga' hennar saklausu sá!,
Og sagðist af nóttina heyja.

En þá færðist yfir mig andvökn þraut,
Sem ætlað' ei frá mjer að liða.
Jeg öskraði rjett eins og ilskufullt naut,
Svo erfitt mjer veittist að biða.
Um dagmála-bilið, sem hæst er jeg hraut,
Hún hnippt' í mig hlæjand', hún Fríða.

Hún rjetti mjer snoturt úr barminum blað,
Fór burtu, en kvaddi mig eigi.
Jeg leitaði skjálfandi efninu að,
Og átta mig loksins á nei-i.
Það þarf ekki langorða lýsing um það,
Mjer liður ei vel frá þeim degi.

Jeg fór þá að drekka, og drakk eins og svín
Og dauðann og gröfina þráði;
Mjer sárnað' ef einhver kom aptur til mín,
Sem áður mjer hamingju spáði.
Og enn er jeg fullur, og flaska min —
Jeg fyllt' 'ana af ásettu ráði.

1894.

og svín

til mín,

1894.

VORNÓTT.

Hvert ertu liðin, ljúfa æsku stund?
Jeg lit ei framar þína sólskinsdaga,
Er gætti' eg lamba í laufi skrýddum haga
Og áleirn vakti, er aðrir festu blund.
Jeg var þá barn, og lömbum smáum líkur,
Mjer leiddist ekk' að ver' í þeirra hóp;
Jeg söng og hló, af sælu og gleði rikur,
Jeg sat og stóð, jeg læddist, gekk og hljóp.

Hví ertu horfin? — horfin langt á braut,
Og hrifin burt, sem strá, er hrekur straumur,
Og gleymd og týnd, sem gamall sæludraumur —
Hví fæ jeg ekk' að hvíla við þitt skaut?
Hví læturð' aldrei engilskinið hjarta
Um angurstárum sollið auga slá?
Hví sendirð' aldrei særðu unglings hjarta
Einn sólskinsdag, að þerra vota brá?

Nei — þú ert burtu, blessuð æskan mín,
Og alt er horfið — horfið alt, sem kætir;
En aptur komið ótalmargt, sem grætir.
Jeg aðeins lit nú apturábak til þín:
Og enn þá er þar alt í sama ljóma,
Og ekki neinum tilbreytingum háð.
Jeg enn þar lifi, eins og rós í blóma,
Sem er að teiga silfur-daggar-gráð.

Því enn jeg vaki einn um nætur stund
Og er að vonast eptir sólar-roða;
Og ennþá sje jeg dagsins fyrirboða
Í ljósum geislum líða yfir grund.
Og ennþá sje jeg fjalla brúnir bláar,
Sem biða líka eptir morgunsól;
Og kringum bæinn brekkur þekk' eg háar,
Sem bjuggu mínum æskustöðvurr skjól.

Og þar á bænum á jeg heima ean —
Jeg á þar bæði föður minn og móður.
Og mínar systur á jeg þar og bróður,
Og ýmsa fleiri forna vandamenn.
Nei, það er líðið! — Faðir minn og móðir
Í myrkvar grafir hafa bústað flutt.
Og enga systir á jeg þar nje bróðir.
Mitt æskulif er horfið. — Það var stutt!

1895.

MAGNÚS FINNSSON.

DAINN 8. FEBR. 1895. *)

[Sungið við jarðarför hans í Dómkirkjunni.]

Völt er lífsins von og yndi;
Vorsins þagnar blíða raust,
Áfram líður alt í skyndi,
Eptir sumar kemur haust;
Svo er vetrar-hörku hríð,
Heljar kuldi, böll og stríð,
Langar nætur, dimmir dagar,
Drottins ráð því svona kagar.

Óðum samt þeir dagar dvína,
Dregur fram að hinstu rótt,
Lífs má sól ei lengur skína,
Loksins verður kyrt og hljótt.
Hann er látinn! Hvílikt skarð

*) Sjerprentað í Reykjavík 1895.

Heimilinu þetta varð.
Harmi lostin hjörtun þreyja,
Hvilik sæla' er þó að deyja.

Mitt í vetrar stormum stríðum
Stríddir þú við dauðans jel,
Móti þungum heljar hriðum
Helgum krapti barðist vel.
Dauðinn vann, en líf þú ljezt,
Líknin guðs því áleit bezt
Þreytta sál við þraut að skilja
— Það er skeð að drottins vilja.

Þungir eru drottins dómar;
Dapurt ómar sorgar lag,
Kuldalega klukkan hljómar
Kveðju látins, þennan dag.
Sárt er vin að sjá á bak,
Sárt er lífsins andartak
Þegar ástar böndin bresta;
Buga mun þá sorgin flesta.

Brúðir þín í síðsta sinni
Sendir hjartans kveðju þjer;
Grátin börn við grafar mynni

Góðan föður signa hjer;
Aldin móðir, upp í sveit,
Ei þó líti þennan reit,
Söknuó hlaðin sárt má kveina
Soninn — því hún missti — eina.

Vinir hryggir við þig skilja,
Vökva leiðið þakkar tár;
Minning þína' ei moldir hylja,
Mörg hún hjá oss lifir ár.
Heimsins þótt ei ættir auð
Ekki var þin sálin snauð,
Snauðra böl þú bæta vildir —
Birgðum auðs það meira gildir.

Bautastein þjer búi tárin
Blessi drottinn þína gröf.
Burtu líða angurs árin
— Ekkert jarðneskt hefur töf. —
Guð mun hjartans græða sár,
Grátendanna þerrra tár.
Vorsól hlý má hjarnið bræða,
Heilög trúin lífið glæða.

1895.

BRENNUMAL.

[Álfur Magnússon stud. art. gisti á Hotel Isaffjord um jólin 1895; höfundurinn átti þar þá heima. Á Jóladagskvöldið var þar dans og drykkja fram á nótt, en morguninn eftir kom eldur upp í hótellnu. — Nokkru síðar sendi Álfur, sem var skáld gott, hóf. kvæði um atburðinn, og getur þar afreksverka allra, er eldinn slökktu, einkum höfundarins, enn minnst eigi sinna eigin. Þetta er svar uppá kvæðið.]

Þú kveður um ysinn og eldinn á jólunum,
Ópin, og glamrið í slökkviliðs tólunum —
Um Guðmund, sem var þá um dýrðina' að dreyma—
Og dansiun og fljóðin, sem ekki má gleyma —
Um liðið, sem dugði bezt logann að slökkva,
Og ljét ekki dragast úr hvílum að stökkva.
Þú getur um margt þar, en gleymir því mesta,
Sem gamlir og ungir í minni sjer festa:
Að þegar að alt stóð í voðanum versta
Og var ekki tími að líta til gesta,
Þú stóðst uppá lopti, sem ókunnur álfur,

Svo andskotinn—hugðu menn væri þar—sjálfur.
 En þegar að Helgi var þrotinn að dáðum,
 Þorsteinn að hugrekki, kröptum og ráðum,
 Þú óðst inni reykin með ótrauðu þori,
 Þó eldurinn glotti í sjerhverju spori,
 Og tendraðir ljósið og lýstir þeim sterka,
 Sem lúinn og einsamall dugði til verka,
 Og lamdi með sleggjunni, líkastur fjandanum,
 Löðrandi' í svita og bljes frá sjer andanum,
 Svo gnötruðu viðir og glammrað' í stálinu;
 —Ei getið er þvílíks af Hjeðni í bálinu —
 Uns gat kom á loptið og gisnuðu fjalir
 Svo glóðvolgir opnuðust brennivíns salir;
 En flöskur í vatninu flutu þar tómar,
 Svo feng' ekki dropa' úr þeim reykþurrir gómar,
 Því opnaðar voru þær áður á "ballinu"
 Og upp úr þeim sopið um nóttin' í "rallinu".
 En fyrst það er búið, er bezt því að gleyma—
 Um betri jól heldur með Guðmundi dreyma.
 En afrek þitt man jeg—í eldinum—Álfur;
 Þó ei væri minna sem gjörði jeg sjálfur.
 Við skulum þess minnast, því skáld erum báðir
 Af skildingum snauðir, en óhöppum fjáðir,
 Og skrifast á ljóðum, eins leng' og við lifum,
 Því lesa mun einhver þau kvæð' er við skrifum.

Isafjord
 ma. Á
 m á nótt,
 ellnu. —
 ott. huf.
 ka allra,
 minnist

eyma—

esta,

Og gott er að lifa, og hamast og hvílast,
En helmingi sællla' er þó moldinni' að skýlast:
Með Seivi og Appollo sofa í gleymöku,
Og svikjast í burtu frá mannanna heimsku.
Og kviða' ekki Helvitis ógnum og eldi,
Sem engan mann grunar á jóladagskveldi.
En kampavíns uppsprettur eilifar teiga,
Sem aðrir en skáldin ei smakka þá meiga.
Jeg veit að þú skilur, að við eigum gaman,
Að vaka, og drekka og yrkja þar saman.

1896.

GUDNÝ BENÓNÍSDÓTTIR.

Fædd 12. Maí 1893. Dáin 29. Ágúst 1996.*)

Hve fljótt er opt, að fölnar lífsins blómi,
Hve fjölda margt er umbreytingu háð!
Hve þungt er opt að hlýða drottins dómi,
Hve djúpskilin oss finnast opt hans ráð.
Hve allt er lífið eyndum vafið
Hve ógurlegt og stórt og myrkt er dauðans hafið!

Hve sárt er fyrir vini vin að kveðja
Og vandamenn að standa' á grafar-barm.
Hve fátt vjer getum fundið til að gleðja —
Svo fátt er getur sefað beiskan harm;
Þvi flest oss virðist fánýtt reynast
Þá fjör og æska og líf ei meiga lengur treinast.

*) Sjerprentað á Ísafirði 1896.

En ein er bót í öllum vorum harmi,
Sem ekki bregzt þó renni lífsins sól:
Að flýja' að drottins föðurlega barmi —
Þar finnum vjer hið öruggasta skjól;
Hann er vort skjól í skúrum nauða —
Vor skjöldur, sverð og brynja gegnum líf og dauða!

Svo hvil í friði, lífsins litla brúðir,
Sem lögð ert nú í kaldan dánar reit!
Þinn andi lifir ljóssins vafinn skróði
A lífsins stól í ódauðleikans sveit,
Þars bernsku þinni ekkert amar
Og umbreyting og dauðastríð ei þekkist frammar.

Vjer hörmum þig, en helgum Drottni tárin,
Og hjartans síðstu kveðju veljum þjer.
Vjer biðjum guð að græða hjarta sárin,
Og gefa' oss loks að finna þig hjá sjer,
Þar engra harma' er meir að minnast —
Þar mæður, feður, börn og systkin aptur finnast.

1896.

og dauða!

amar.

rin,

finnast.

96.

SKILNAÐARMINNI

Sæmundar S. Guðmundssonar, kennara.

[Drukkið í kampaþíni undir beru lopti.]

Þó brosi líf, á bak við leynist hel.
Það ber ei máske alt á sama daginn.
Það koma skúrir — koma stundum jel,
Og kannske fyrr en varir; það er baginn.

Því æskustundin leiftrar eins og ljós
Og líður burtu, fyrr en nokkurn grunar;
Á bliðu vori bliknað getur rós,
Og björkinni um hverja kælu munar.

Og eins þó höndin hafi krónu ráð
Og hnúar kreptir beri þreytu merkin;
Og þó að skorti hvorki dug nje dáð,
Án drottins vilja blessast ekki verkin.

En hann mun fylgja þjer, á þínum veg,
Svo þig ei framar hreki nokkur kylja;
Þú kemst því áfram, eptir braska eg,
Því okkar vegir hljóta nú að skilja.

En lífið samt jeg hræðist ekki hót
Og held jeg fari ekki neinu að kviða,
Því sólskin kemur mínum skúrum mót,
Og meiri sælu á je, þó að biða.

En meðan liður lífsins dög og skin
Og lífs er vegur ei að þrotum genginn,
Jeg þykist eiga þig sem trygган vin;
Og þá er líka göngustafur fenginn.

Jeg klýf svo strauminn, beina ryð mjer braut;
Mig brestur hvorki hug. nje þrek og snilli.
Jeg hlæ þá kalt að hverri lífsins þraut
Og höndla máské gleðistund á milli.

En eftir liðna lífsins dög og skin,
Þá leiðin mikla er til himins gengin;
Jeg þar mun hitta þig, sem gamlan vin,
Og þá er líka sigur lífsins fenginn.

Hve sælt er eflaust sælu þeirri' að ná
— Að svalla' og klyngja ódauðleikans veigum.
Jeg held við verðum heldur kendit þá,
Úr himnaríkis pottflöskunum teygum.

1896.

Í BRÚÐKAUPI.

Valdimars Sigurðssonar og Hildar Jónsdóttur.
Karls Sigurðssonar og Sólrúnar Jónsdóttur.

[Brúðgumarnir voru bræður og bráðirnar systur.]

Í austri ris upp röðulgeisli fagur,
Og roðar fjallatinda sumardagur.

Stengur fánum falda

Firðar syngja lag;

Kristnir helgan halda

Hvítasunnudag.

Blómgvuð hlið

Brosir móti sólu

Blómgvuð hlið

Blárri vaxin fjólu

Brosir þýð.

Um vanga streymir vindblær ofur þýður,
Og vorsins hljómar kliður, undur bliður.

Fuglar fjaðrir skaka,
Fagran hefja óm;
Tindar undir taka
Tröllaleguni róm:
Alt er líf,
Unaður og gleði.
Ekkert kýf.
Eins og rós á beði
Lífir líf.

Og innst í dali fellur geisli fagur,
Því Fjallkonunnar nú er brúðkaupsdagur.

Himinn, frón og flæði
Fagna þessum dag;
Straumar kveða kvæði —
Klettar flytja brag.
Gljúfrin blá
Gleypa minnis veigar;
Björkum frá
Blómgir falla sveigar
Brúði á.

Og inni hjer er einnig fjólu dalur,
Því inni hjer er reiddur brúðarsalur.
Hjer er ást og yndi —

Unaðssemða vor.
Stórt á Ingólfs strindi
Stigið gæfu spor.
Hefjum skál!
Heillaóskum rigni.
Hugur — mál,
Helgi, blessi, signi
Hjóna skál!

1897.

SUMARÓSK TIL STÖLKU.

[Skrifað á spjald á sumardaginn fyrsta.]

Sun.ardagur — sæll og fagur,
Svásam vafinn geisla hjúpi,
Unaðs ríkur, engli líkur
Uppúr stiginn Ránar djúpi,
Óskadagur—alls, sem anda hrærir,
Ástarkveðju mína til þín færir;
Bál í hjarta, blóm í unga mund,
Blessun hverja þína æfistund.

1898.

HALA-KLETTUR.

Uppá hörðum Hala-klett —
Hæzt á Reyðar-fjalli —
Get jeg tekið lífið ljett,
Líkur Sprel'li-kalli.

Þar er alt til ununar —
Ekki neitt, sem grætir.
Mærar endurminningar
Og margt, sem hugann kætir.

Mjer sem jeg sjái þar
Sviðið bernsku daga,
Er jeg líkur lambi var
Og ljek mjer úti haga.

Sama heyri' eg unaðs óm
Eima hjer við tindinn,
Eins og forðum fugla róm
Flýja morgun vindinn.

Hjerna er mín bernsku braut
Blómum stráð og fögur.
Hingað eltir engin þraut —
Engar lyga sögur.

Hjerna er jeg eins og barn,
Ýmist hlæ og græt jeg.
Niðrá lífsins helkalt hjarn
Hallast þreyttur læt jeg.

Og Hala-kletti háum á
Hvili lúnar fætur,
Meðan ægis báran blá
Brotnar fjalls við rætur.

Alt þó lífið ygli sig
Eða hlaup' á spretti,
Tekst því ei að ergja mig
Upp'á Hala-kletti.

Húgsa verður hver um sitt,
Hver sinn drösul bera.
Það er eina yndið mitt
Einsamall að vera.

Þvi um mæra morgunstund,
Mitt í lífsins vöku,

Til að brýna ljetta lund
Læt jeg fljúga stöku.

Nú er mjer svo ljett um ljóð
— Lagar bjöllur hringja —
Að kveðið gæt' eg Íslands óð
Ef einhver vildi syngja.

Nú er mjer svo ljett um ljóð
— Læknast hryggur brotinn —
Að kveðið gæt' eg ástar óð,
Ef jeg væri skotinn.

Nú er mjer svo ljett um ljóð
— Losna tungu böndin —
Að kveðið gæt' eg alheims óð,
Ef jeg þekti löndin.

Samt þó mjer sje ljett um ljóð
Leiðist mjer að skrifa,
En seinna mun jeg yrkja óð,
Ef jeg fæ að lifa.

Heill þjer, mikla hamra tröll,
Halaklettur friði l
Öll jeg vild' að Íslands fjöll
Ættu þína prýði.

Meðan sólin suðri frá
Sendir geisla heita,
Kolli þínum ávalt á
Ætí'a eg þeirra að leita.

Og þó jeg líti þig ei meir,
Lá í gegnum trúna;
Því aldrei burt sá ylur deyr,
Er hún sendir núna.

1898.

EINTAL.

“Það er svo sælt að sitja ein
Og svala hjartans þrá —
Með beiskum tárum mýkja mein
Og mædda væta brá.
Það huggar langbest hrelda sál
Að hlust’ á eilíft þagnar-mál.”

“En sælt það líka eflaust er
að eiga vin á braut,
Að hlýjum barmi halla sjer
í hverri lífsins þraut;
Það er þó satt”—svo sagði mey,
“Jeg sjálf hef reynt það—veit þó ei.”

Jeg sagði fátt, en vissi vel
Hvert var hið rjetta svar.
Jeg skildi öll þau áma jel,
Sem innst í sál hún bar.

Jeg þekki lífsins lottari,
Mig langar ekki að spil' í því.

Jeg hafði líka áður átt
Svo örugt vinar traust;
En flest er valt; jeg fann það brátt,
Að fæst er endalaust.
En það er líðið — líðið burt
Og löngu horfið — horfið hvurt?

Jeg veit það ei. Jeg veit það eitt,
Að vina—svikur—traust.
En er þá hvergi hjarta heitt,
Og hreint og fölskvalaust?
Er hverg' að finna í heimi skjól?
Er hverg' að roða fyrir sól?

1898.

LÓU-LJÓÐ.

Sæl og blessuð, systir mín!
Sönginn þinn jeg lengi þráði.
Blessuð litla Lóan mín,
Lengi hef jeg beðið þín.
Altaf mændu augun mín;
Eitthvað þinni komu spáði.
Sæl og blessuð, systir mín!
Sönginn þinn jeg lengi þráði.

Væn þú ert að vitja mín.
Vorið er mjer flestu kærri.
Lærð' eg ungur ljóðin þín:—
Lagið þitt við kvæðin mín.
Sest jeg þar sem sóln skín,
Syngjum v i ð þá meir' og hærri.
Góð þú varst að vitja mín.—
Vorið er mjer flestu kærri.

Þó að komi kalsa hret,
Krókni lömb og fölni stráin,
Ljóðin þín jeg meira met.
— Með þjer kveð jeg, ef jeg get —
Vorsins óm í sönginn set —
Syng hann bæði lífs og dáinn,
Þó að komi kalsa hret,
Krókni lömb og fölni stráin.

Meðan ljúfu ljóðin þín
Láta hæst í mínu eyra,
Sólin blessuð sífelt skín —
Sálin kalda — hlýnar — mín.
Engin kvæði, utan þín,
Eða raddir vil jeg heyra,
Því að ljúfu ljóðin þín
Láta bezt í mínu eyra.

1899.

VIÐ LAGAR-FLJÓT.

Já, það var hjer, sem háð var Þórsness þing
Og þjóðhöfðingjar stóðu að viga-málum;
En Veigar glóð' á gullibúnum skálum
Og risna bjó, er riðu hetjur kring.
Já, það var hjer, að búinn stóð'u í blóma
Er bændur átu fisk og kjöt og smjer.
Því stráir Saga feitum frægðar ljóma
Á forna tíð, sem öldum hulin er.

Því horfin er hin forna Hjeraðs frægð
Og falin — gleymd, í löngu auðum rústum.
Og björkin tind í bleikra stöngla þústum
— Af endurminning aðeins finnst hjer nægð.
En fljótið eitt er eins og það var forðum,
Og enn er sveitin nokkuð kinda-rik!
Og guðinn hjerna gengur ekk' úr skorðum.
— Og gömul er nú „hreppa-pólitik“!

Og þessu líkt er lífið alt á jörð,
Og landið okkar færast seint úr skorðum,
Því stjórnin beitir ávalt sömu orðum;
Og löm er trúin: sífeld þakkargjörð.
En auðmýktin, sem ávalt klappar steininn,
Er ekki búin neinar dyr að sjá.
Þau gróa traufða, gömlu vöggu-meinin
Þó svangar vonir sjeu frels' að spá.

1899.

MAMMA.

[Til Þuríðar Andrjesdóttur á 70 ára afmæli hennar
undir nafni dóttur hennar, konu höf.]

I dag, jeg — mamma, minnast vil á þig.
Sem margoft hefur glatt og huggað mig;
Og líta með þjer yfir öll þau ár,
Sem átt' jeg með þjer, vonir, bros og tár.

Hvert augnablik á bernsku minnar tíð
Þú barðist vegna min og háðir stríð,
Og vegna þess, með þreytu mark á brá
Er þjer i dag að heilsa ellin grá.

Við barminn þinn niitt bljúga hjarta sló,
Við barminn þinn var lífs mins dýpsta ró;
Við barminn þinn jeg átti beztann blund,
Við barminn þinn mín fyrsta sælustund.

Við barminn þinn jeg bæmir mínar las;
Við barminn þinn jeg tæmdi lítið glas.

Við barminn þinn ið bezta fann jeg skjól;
Við barminn þinn jeg guði líf mitt fól.

Við barminn þinn jeg lasin stundum lá;
Er læknishjálp var ekki nein' að fá;
Við barminn þinn jeg fjekk þá hvíld og fró —
Jeg fann að vegna míu þitt hjarta sló.

Að minnast þín, er mjer því ljúft og skylt.
Þó mörgu sje nú bæði gleymt og spilt,
Jeg man og þakka öll hin liðnu ár
Og allar bænir, fyrirhyggj' og tár.

Og með þjer á jeg eptir sælustund —
Og enn jeg fæ að sofna hjá þjer blund.—
Í æsku þegar ellin breytist þín
— Í eilífðinni, hjartans mamma mín!

1900.

HUGSANIR DEYJANDI DRYKKJU MANNS.

[Sagan, sem kvæði þetta er endirinn á, er sönn og er í stuttu máli þessi: Fátækur, efnilegur í aðarmaður fesi ást á ungrri stúku, og kvongur henni. Hann hefur byggt þeim ofurlitib húsi, sem er fátæklegt, en fult af ánægju. Þau eignast börn, dreng og stólku. Síðar hneigist hann til vana nautnar, sem verður brátt að ofdrykkju. Konan sem alltaf var velkbyggð, þótti ekki það búi og ánastreymi, sem af því leiðir, velkist, órmagnast og deyr. Hann býr með börnunum, sem enn eru ung. Kvöld elti, er hann kemur heim, drukkinn að vandum misþyrmi hann drengnum svo, að hann bíður þann af. Stólkan er þá tekin frá honum, en hann býr einn í kofanum mörg, löng ár, unz hann finnst þess örendur eptir langar þjáningar, er hann hafði lifað einn og yfirgefinn af öllum.]

I.

Hann vakir aleinn um vetrar nótt.
Í veðrinu hvín, á frosinn glugga
Hafa máninn og tindurinn markað skugga.
Það er enginn hjá 'onum. Alt er rótt.

Kvalirnar eru nú orðnar vægari,
Ennið er drifið köldum svita;
En fyrir brjóstinu finnur 'ann hita,
Samt eru sturnar heldur hægari.

Hvers vegna er nú ekki kveikt?
Hví er enginn heima hjá veikum manni?
Burt eru flúin börn og svanni.
Hann ris upp við koddann og kallar veikt:
"Á jeg að liggja þú þyrstur og þreyjandi
Þangað til úr mjer er allur stýrkur?
Það er svo voðalegt þetta myrkur!
Heyrið þið ekki' að jeg hrópa nú þegjandi?"

"Hvað! Er enginn hjá mjer á hinstu nótt —
Er það hefnd, sem ógnar í mánans skini?
Á jeg nú loksins enga vini?
Vill ekki guð að mjer verði rótt!
Koma nú allir, sem ætla að hefna sín?
— Ekk' er nú fyrir litlu barist—!
Það er ónýtisför, jeg get ekki varist.
Ódáðaverkin — þið megið ei nefna — mín.

"Sagðirðu nokkuð, Siggí minn —
Sefurðu þarna í rúminu þínu?
En hvað er nú orðið af henni Stínu?"

Statt' upp og komdu nú, strákurinn þinn.
Flýttu þjer, — jeg þarf að fá eitthvað svaland
Farðu og sæktu mjer vatn að drekka.
Hvað gengur að þjer, hví hefurðu ekki?
—Ansaðu, drengur, eð' ert' ekki talandi!

“Komdu nú hingað og hagræddu mjer —
Hjálpaðu nú honum pabba þinum;
Svalaðu þorstanum sárasta mínum —
Legðu nú höndin'a í lófann á mjer.
Þjer er óhætt að koma, jeg ætl' ekk' að berja þig
Þú átt að standa hjá rúminu mínu
Og segja mjer ef þú sjerð hana Stínu.
Þú þarft ekk' að halda upp höndinn' og verja þig

“Þú ert ekki sofandi, Siggí minn!
Jeg sje þú ert dauður, í blóðugu
rúminu.
Ertu nú kominn hingað í húminu
Að hefna þin — kvelja hann pabba þinn?

* * *

Þú vilt ekki hefna þin. — Blessað barnið!
Jeg barði þig þar til þú hættir að veina.

Jeg man að þú brostir og signdir þig seinast;
Svo gafstu upp andann.—Nú hylur þig hjarnið.

II.

“Ó, saklausa bernska! Jeg sakna þin nú,
Er sólgeislum friðarins laugaðist þú,
Sem lilja í dögguðum lundi.
En freistingin kom. — Voru forlög min það?
Hún fjekk mjer eitt blóm til að leika mjer að,
Er saklaus í Eden jeg undi.

“Og blómið hjet ljettúð; þess blöð voru Synd.
Jeg bar ekki kennsl á þá skaðlegu mynd.
Og beit því í rótina ramma.
En þá fjellu tindrandi tár mjer um kinn
Og titraði barnslegi rómurinn minn;
Jeg man að jeg kallaði: ‘Mamma!’

“Því þá átt’ ’eg móður, sem þerraði tár;
Já, þá átt’ eg hönd, sem að læknaði sár
Og signdi mitt saklausa einni.
En snemma jeg misti þá gullvægu gjöf,
Því Guð sendi dauðann að leggj’an’ í gröf.
Ó, að jeg hvíldi hjá henni!

“Því æskan er horfin, og liðið er líf,
Og langt fram á táranna öldum jeg svíf

Í stórviðr' á stjórnlausu fleyi.
Já, einmana hrekst jeg um harmanna ver;
Þó hjálp sje í landi, sem benda vill mjer
Og hrópi. — Jeg heyri það eigi.

“Hún hrópar—hún hrópar!—Jeg heyri það nú.
Hún hrópar og segir að rjettlæt' og trú
Sje bjargráð, sem boðana lægi.
En hvert skal þá halda, og hvar fæ jeg höfn,
Því hvar eru strandir við táranna dröfn,
Og hvenær ætl' ofviðrið hægi?

“Í landið jeg grilli en sje ekki sund.
Mjer sviður í hjartanu blóðþrungin und,
Og völt er nú stjárnin og vonin.
Jú—þarna er vitinn, og þangað jeg held
Og þar vil jeg lenda og gista í kveld.
— En hvern mun jeg hitta þar—soninn?

“Því borg er á ströndinni heilög og há,
Svo hvílik er nein ekki jörðunni á.
Hve heppinn jeg var að jeg ventil
Og guð vill mig taka í sáttir við sig —
Hann Siggi minn er þar og það fyrir mig.
Með hans var það hjálp, að jeg lenti.

* * *

“Og svo get jeg brosað og sofnað í ró—
Hann Siggi minn gjörði það leið og 'ann dó,
Því hann var svo barnslega blíður.
Jeg sje hann nú bráðum; hann signir mig þá!
Hann Siggi minn horfir mitt dauðastríð á.
Það er nokkuð langt — en það líður.”

III.

Við kirkjun' á Hálsi í helgum reit
Nú hvílast hans lúin bein.
Gröfin læknar öll manna mein.
En minningin lifir, og orðstír hins látna
fer sveit úr sveit.

Nú eru liðin víst átján ár,
Og ýms'u er á skemmri stund gleymt.—
En margan hefur um morðið dreymt,
Því minningin lifir, um svívirðing, angist
og sár og tár.

Við kirkjun' á Hálsi er hlaðin þ r ó
Og höggvið í lítinn stein:

“Gröfin læknar öll manna mein,
Þvi móðir og faðir og sonurinn finna
hjer fró og ró.”

Og flestir, sem kom' í þann kirkjugarð,
Klökkna við þessa gröf.

— Djúpt er vað' yfir dauðans höf!
En drottinn sjer optar og meira en þarna
margt skarð, er varð.

Við Kirkjun' á Hálsi er hringt í kvöld —
Þar hvilast hans lúin bein.

— Gröfin læknar öll manna mein,
En margar eru hugsanir deyjandi drykkju-
mans, öld af öld.

1901.

i n n finna
g ró.”

arð,

þarna
er varð.

öld —

rykkju-
f öld.
1901.

“REVIEW.”

Þegar vorar og veðrið fer að hlýna,
Vonir lifna í brjósti sjerhvers manns,
Allar hungurs og harmatölur dvína —
Heyrast raddir um framtíð þessa lands.
Verð' á kvöldin opt kappræður snarpar,
Koma fram ýmsir þjóðmálagarpar
Og á Barðsnefi berjast fyrir rjettinum.
Býsna harðir þeir er' á fyrsta sprettinum.

Nú er Valtýr að óskabarni orðinn —
Enginn Finnur nje Bogi lengur til.
Stjórnarfrumvarp er borið fram á borðin;
Betur fellur ekkert þjóðinni í vil:
Engin jarlstign nje jarðneskur sómi —
Jafnvel amtsráðið fallið með dómi.
Dauðasvefn er yfir Samkomulagsnefndinni,
— Sjálfir ritstjórnir biða eftir hefndinni.

Nú á þingið er þörf að velja bændur,
Því á betra er sjálfsagt ekki völ;

Sjerhver valdsmaður, sæti og trausti rændu
Situr heima að rýn'a í gömul-skjól.
Margt það er, sem við ættum að gera,
Ekki dugar nú heimskur að vera;
En í leynum við verðum samt að vinna það,
Annars vitringarnir koma strax og finna það.

“Stóra fjelagið” nú bráðum fer að baka
Stærri bollur en þriggja marka skál;
Allir bændur þar brauðin ætt' að taka
— Bara' að vonirnar reynist ekki tál.
Engar gullfúlgur útlendar viljum,
Okkar banka við þekkjum og skiljum;
Bara' að landstjórnin bæti ögn við Seðlana,
Og hún “býtti” þeim við Gránufjelags-
bleðlana.

Yfir Pollinn má endilangan keyra
Ef að bjöllurnar gjalla nógu hátt,
Því að sildin er alveg hætt að heyra —
Henn' er sama þó verðið standi lágt.
Enginn þarf nú að skjótast á skautum,
Lífið skeiðar í framfara brautum.
Upp'í “Figaro” má finna skjól í frostunum,
Já, þeim fjölgar hjerna á Akureyri—kostunum.

1902.

usti rændur,
jöl.
gera,
a;
vinna það,
g finna það.

að baka
skál;
taka
ki tál.
l,
iljum;
ð Seðlana,
fjelags-
bleðlana.

ra
e,
eyra —
lágt.
autum,
n.
frostunum,
ri—kostunum
1902.

ÆTTJARÐARAST.

Hver ættjarðar sonur, sem elskar sitt frón,
Vill yrkja þessi hrjóstrugu börð;
Hann hræðist ei örlög nje atvinnu tjón—
Hans óðal er gullnáma jörð.
Að fúna í grafreiti feðranna hjer,
Það finnst honum vera sjer skylt.
Hann spyr ekki um það, hvar Am'rika er,
Á ís-landi hans er svo milt.

1903.

ISLAND HVERFUR.

Nú styðst jeg við öldustokkinn,
Því stýrt er á kaldann mar;
Bærinn í Sæ er sokkinn,
Það sjest ekki hvar hann var.
Fjöllin í fjarlægð blána,
Felur nú dalurinn sig;
Andnesin teygja fram tána
Til þess að kveðja mig.

Opt fyrr af úfnum sævi,
Ísland, mig hylltir þú,
En aldrei á minni æfi
Unni jeg þjer sem nú.
Opt fyrir heima hagann
Hetjurnar guldu fjör.
Þetta er sama sagan;
Svona var Gunnars för.

Ei skal þó aptur snúið.
Út skal á kaldan mar!
Var ei frá vígum flúið,
Viljinn mig hingað bar.
Hjartað á eptir heima
Hrjóstrin og blómin öll.
Deyjandi mun mig dreyma
Dalinn, og þessi fjöll.

Nú þekki jeg storminn stríða
Er strauk minnar bernsku kinn;
Sem móður hönd mjúka — bliða.
Er mælt' hún við drenginn sinn:
"Vertu því veika styrkur,
Vertu því nakta skjól;
Ljós, þegar leggst að myrkur,
Lágnætti hverju sól."

* * *
Afram á æginn kalda —
Afram á lífsins dröfn!
Afram, um raðir alda!
Afram, unz náð er höfn!
Afram til árs og friðar,
Afram í gleð' og þraut!
Afram, unz öllu miðar
Afram á lífsins braut.

1903.

BARNIÐ MITT.

[Kristín, dóttir höf., dó á fyrsta ári. Kveðið u
nafni móðurinnar.]

Blómið fjell, en stofninn stendur —
Stórt var þetta jell!
Er það víst, að herrans hendur
Hagi öllu vel?
Mátti dauðinn hrjá og hrekja
hjarta blómið mitt —
Blessað barnið mitt?

Var mjer skylt að skila aptur
Skapanum — gjöf?
Gat ei drottins dýrðar kraptur
Dauðann lagt í gröf?
Gat hann ekki látið lifa, litla barnið sitt —
Blessað barnið mitt?

TÍMAMÓT.

[Kveðið eftir að hafa lesið 3 almanök: Þjóðv. t.
Ó. S. Th. og S. B. Ben.]

Þó reynum við að stíga stytstu spörin,
Þá stendur jafnan meginhlutinn kyr;
Svo jafnvel eru að verða styttri vorin
Og vetrar lengri en nokkru sinni fyr.
Því "gömlu árin" altaf koma aftur —
Með Almanaki hverju — þáleg tíð.
Úr frels' og manndáð flúinn allur kraftur
Og flestra von að heyja dauðastríð.

Og vilji einhver ekki halda hópinn,
En herji á undan, brjóti vanans is,
Menn benda á hann og segja: Sjáið glóþinn!
Þeim sjálfbyrging er talinn dauðinn víð.
Því sjert þú ekki alveg eins og hinir —
Með alveg sömu játning eins og þeir,

Þá munu fáir verða þínir vinir,
Og vægast sagt: það getur kostað meir.

En nú er mál þann Alfaklett að kljúfa,
Sem kveikti margra alda villu ljós;
Og gömlu heitin hljótum við að rjúfa,
Um hjátrúnað á Þurs og Álfadrós.
Hið gaml' er feigt, þess forlög eru að deyja,
Því framar ljótt vill enginn maður sjá.
Hið nýja er ungt, en á það stríð að heyja,
Sem okkar líf og sigur byggist á.

* * *

Svo reynum þá að stíga stóru sporin.
Nú standi enginn góður drengur kyr!
Og þá er víst að verða lengri vorin,
En vetrar styttr'i en nokkru sinni fyr.
Þá koma gömlu árin aldrei aftur;
Hvert Almanak mun boða nýja tíð,
Úr læðing vanans leysast mannsins kraftur
Og loksins vinnast sigur — þverra stríð.

1904.

SJÓMANNSEKKJAN.

I.

Nætur lengjast, dvína dagar,
Dimmir, kólnar, lækkar sól.
Stofnar blikna, stormur bagar,
Stirðna lækir, fækka skjól.
Jörðin klæðist klaka hjúpi,
Kvakar lóan hinzta sinn.
Öldur rymja dimt á djúpi
Dapur vetur læðist inn.

Allar vorsins vonir flýja,
Vaknar kvíði í brjósti manns.
Herferð skal nú heyja nýja
Hver og einn, til sjós og lands.
Marga vantar björg í búði,
Börnin soltin haf' ei ró.
Ekki verður annað flúið
En að reyn' að far' á sjó.

Þá er stundum kátt í koti.
"Kemur pabbi heim með fisk"!
Börnin öll með iði' og poti
Eru að reyn' að ná í disk,
Til að leggj' á litinn bita
—Lengi' er mamm'a að sjóða, þá—
Þau finn' ei bragðið fyrir hita,
En fullvel smakkast rjettur sá.

II.

Snemma á Þorra er snjór yfir alt.
— Snögg eru umskift'i á jörð.
Þó oft komi sólskin, er óðara kalt,
Og altaf er tíðin svo hörð.
Dimt er í kofanum, döpur er hún,
Sem dvelur þar alein um nótt;
Og mörg er á vanganum mótlætis rún.
Hún mælti við sjálfa sig hljótt:
"Hvað er nú langt síðan maðurinn minn
Í mannskaða veðrinu dó?
Loftið var heiðríkt og hafræna stinn,
Og hann var þá fyrstur á sjó.
Hann kysti mig ekki, sem venja hans var,

— Hann var að flýta sjer þá—,
En færð og árarnar úti hann bar
Og ýtti svo landinu frá.

Hann ásað' út seglið og súðunum á
Ljek sæfroð' í hagstæðum byr.
Hann hamlað' og stýrði, er seinast jeg sá

— Jeg sá hann oft gjöra það fyr.

Því háseta ekki hafð' 'ann neinn.

— Við höfðum ei vinnumann.—

Þessvegna reri 'ann altaf einn,

En oftast fiskaði hann.

Um hádegis bilið var heiðskirt og bjart,
Og hann var þá langt út á sjó.

Að lítilli stundu var loftið alt svart,

En logn var til djúpanna þó.

Þokan á tindinum hreykti sjer hátt,

Og hún spáði stórviðri skjótt;

En aldan við ströndina stundi svo lágt

— Hún stundi þá líkt og í nótt.

Það beið ekki lengi að brast á með vind,
Svo brakaði kofanum í.

Það hvein þá í stráunum, hjarni og tind;
Svo harnaði veðrið á ný.

Jeg hljóp út að gæt' hans, mig grunaði þá
Hann gæt' ekki landinu náð;
En aðeins jeg rokið og öldurnar sá.
Og oft hef jeg síðan g á ð !

En það er til einskis, því enga fjöl
Hefur ennþá rekið á Sand.
— Hann hefur þó líklega komist á kjöl
Og kallað og hrópað í land!
Jeg veit það nú líka það heyrst hefur h e i m,
Og hann er nú laus við sín mein.
En sveitin tók börnin og sjer fyrir þeim,
Og svo má jeg þreyja hjer e i n.

Það drukknuðu margir þann mannskaða dag.
Það misstu þá fleiri en jeg
Aðsvini sína — þann sama dag —
Samt enginn e i n s m i k i ð og jeg!
Og hvað er nú langt síðan — líklega ár?
— Ef líkið hans ræki af sjó
Þá gæti jeg þerrað mín trega tár
Og talað um þetta með ró.

* * *

Já, langt er nú síðan að maðurinn minn
í mannskaða veðrinu dó.
Loftið var heiðrikt, en hafræna stinn,
Og hann var þá fyrstur á sjó.
En háseta ekki hafð' 'ann neinn.
— Við höfðum ei vinnumann. —
Þessvegna reri hann oftast einn,
Og altaf fiskaði hann.

1905.

urinn minn

a stinn,

.

n.

nn,

1905.

ISAK JÓNSSON.

Ishúss-stjóri.

[Kveðilð í River Park á Íslendingadaginn, er höf.
fréttli lát hans.]

Hún kom mjer svo óvörum, andlátsfregn þín,
— Jeg átt' ekki von á þú dæjir strax —
Hún verður því skammstöfuð, minningin
mín,

Því margt er að gjöra til sólarlags.

Úr skógunum hjerna þó skeri jeg hlyn
Að skreyta þitt leiði, er smánar gjöf.
En fáorða kveðju frá fjarlægum vin
Má fel' undir steini á þinni gröf.

Þú lagðir ungur útá æginn kalda
Og eigin leiðir var þjer tamt að halda;

Þú mattir ekki heimsins hleypidóma,
Þú hirtir meir um köllun þín' og sóma:

Að benda, leiða, láta aðra skilja
Að list er mest að hlýða betri vilja.
Að hjálpa, gleðja, hugga, styðja veika,
Í hópi glaðra vera barn og leika.

Að þekkja og skilja lífsins leyndardóma;
Að leggja ráð til framkvæmdar og sóma
Að hugsa margt, en hafa fátt að segja,
Sem hetja lífa, en eins og barn að deytja.

Að vekja dyggð og hreyst' í hvers manns hug
Og hverja þraut með elju og dáð að buga.
Að halda stefnu, stýra yfir boðann;
Að stilla skapið, hræðast ekki voðann.

En þar kom loks, að þreytan aflið lúði,
Og þig á boðann stormur lífsins knúði.
Þú sást í skýjum geysi storma glæðast,
En göfga hjartað kunni ekk' að hræðast.

Þú fannst þinn bátur var að verða lekur,
En vissir að þú fyndist hvergi sekur.

Þá heyrðir þú að herrann var að kalla
Til himnaríkissælu, alla — alla.

Þú hertir skautið, hlýddir drottins boði,
Því hjá þjer dauðinn stóð, en enginn voði.
Þú þekktir ráðið var í tím'a að venda.
— Og visair sælt í örmum guðs að lenda.

* * *

Jeg veit, um stund að vegum okkar slítur,
En vinsemd okkar hvorki deyr nje þrýtur.
Jeg ann þjer bezt um betri sæ að halda,
Í byrnum ljúfa, hærra segli falda.

Jeg finn að kylja nöpur um mig næðir.
— Þó nóttin komi, hún mig ekki hræðir!
Jeg veit það muni verða tállaust gaman,
Er við um geiminn rennum, skeiðum saman.

Því hafið þitt er himinn okkar beggja —
Það haf er nóg að skifta millum tveggja.
— Með engum stormum, engum feigðar boða,
Og engum skýjum—hvorki sorg nje voða.

Hún kom mér svo óvörum andlátsfregn þín
Jeg átt' ekki von á þú dæjir strax.
Þessvegn' er skammstöfuð minningin mín,
Því mjög er nú hallað til sólarlags.

1906.

sfregn þín.

gin mín,

rs.

1906.

FALLNA STÓLKAN.

I.

Hver sólskins dagur, hver sælu stund,
Hver svipur, er líður hjá,
Hver gálaus athöfn, hvert gull á mund,
Hvert glóandi tár á brá,
Hvert blíðlegt andsvar, hvert bros á vör,
Hver barnsgleði stund um jól,
Hver pálmagrein — verður heiftar hjör,
Ef hjartað á ekkert skjól.


II.

Ströndin er auð.
Steinar liggja í fjörunni — þeir er' ekki brauð.
Bylgjurnar ýlfra og ymja,
Alengdar bergstallar rymja.
Ströndin er auð.
Hve dapurt er kvöldið og dauðaleg nóttin!



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

Í dimmuni alí
Leitar sjer skjóls, nema angrið og óttinn.
“Mjer er svo kalt!

Ströndin er auð —
Jeg stend líka a lein, svo bágstödd og snau
Að baki er barnið mitt grafið —
Blasir við, framundan, hafið —
Ströndin er auð.
Ekkert er lifandi angrin' að svala
— Ekkert, er rjetti mjer hönd.
Enginn, sem vinarorð til mín vill tala.
— Til hvers er þessi strönd? .
Á hún að syngja líksöngs lag
Yfir litla barninu mínu
Nótt eftir nótt, og dag eftir dag?
— Jeg dey með barninu mínu!

III.

Ströndin er auð —
Jeg star' útá hafið heldimmt og kalt.
— Jeg hlýt að deyja og skilja við alt!
— Ströndin er auð!
Hvers vegna fór hann á brott svo brátt —

Á brott, útá hafið, svo kalt?

Hann vissi þó jeg hlyt' að eiga svo bágt

Alein, að stríða við alt.

— Nei einsömul var jeg þó ekki með sann,

Því áður rjett en hann fór,

Drengurinn fæddist — svo feitur og stór

Og fallegur — rjett eins og hann.

Hann vild' ekki sjá hann!

Hann sór fyrir drenginn á þing' og í kór

— Og síðan á burtu á flóttu hann fór —

En eg veit hann á hann.

Þó glóhærði drengurinn liggi nú lágt,

Liðinn og stirnaður nár,

Þá hrópa til drottins mín harma tár,

Því hann veit að jeg á bágt.

En svikarinn — flúinn í framandi land —

Hann fær ekki griða stað,

Því tárin mín hróp' 'onum hefnd fyrir það

Meðan hreyfist bára við sand!

— — — — —
— — — — —

Drottinn! Já, drottinn — því hann er þá hjer —

Hann veit að jeg á bágt.

Forðast hann þá, sem að falla lágt —
Eða fyrirgefur hann mjer?

Jeg veit að jeg hrasað'i, en jeg hef þá trú
Að jeg haf' ekki drýgt neina synd.
Jeg vissi það ekki. — Jeg var þá blind —
Jeg veit það alt betur nú.

Jeg veit nú jeg hrasað' og það veizt þú,
Og því er jeg nú svo smá.
Það smáðu mig allir, sem þekktu mig þá,
Það þekkir mig enginn nú.

— — — — —
— — — — —

IV.

Ströndin er auð —

Einmana stend jeg og star' útá hafið.
A landi er alt, sem jeg átti, nú grafið.

Ströndin er auð!

Hjer er svo rólegt, — svo himneskur friður!
Hfaldan krýpur með lotningu niður.

Hún er að sýna mjer hluttekning sína.

— Hún getur þvegið burt ógæfu mína!

* * *

Hjer eiga sjógyðjur hallir og göng.
Hjer vil jeg kafa í öldunum bláu;
Ferðast um höfin með fiskunum smáu,
Farmanninn hylla með unaðs söng.

Og bakvið hafið er efalaust eyja,
Með aldinum, vötum, og lækjum og rósum,
Og höllum og turnum, sem ljóma af ljósum,
— Þar vil jeg una og aldrei deyja!

Svo þegar hnígur sólin í æginn,
Þá svíf jeg um hafið að þessari strönd,
Í brúðar skarti, með blóm í hönd,
Og breiði á leiðið mitt litla við bæinn.

Þau blóm munu vaxa og verða þar lundur
Til minnis um drenginn, sem merkilegt undur.
Og þar mun jeg syngja mín sumar kvæði,
Og sitja hjá drengnum mínum í næði

Svo þegar morgnar og menn far' að klæðast,
Þá mun jeg hjer ofan ströndina læðast
Og steypa mjer kollhnís í himinblátt hafið!

— — — — —
Hjer skal mitt síðasta böl verða grafið!

* * *

Ströndin er auð —
Steinar liggja í fjörunni,—þeir er' ekki brauð.
Langt útá bárunum líkið sjest fljóta —
Lágt heyrir: aldan til djúpanna þjóta —
Ströndin er auð.

1907.

ikki brauð.

ra —

a —

1907.

DROTTINN.

Í skýjum og dufti, um hauður og haf,
Þitt hátignar alveldi skín.
Sá neisti af ljósi, sem lífið mjer gaf,
Hann leiftrar nú, drottinn til þín!
Jeg veit það nú fyrst, jeg er vesall og lág'r,
Og vanmáttug barns-sálin mín;
En spekin þín sædjúp og himin þinn hár
Og hjarta mitt smátt, en það slær
og það kvakar til þín!

1908.

SUMARMAL.

Það ris upp hvert líf þegar röðullinn skín.
Það reigist hver eik þegar stormurinn hvín.
Hver dökk flytur gróður í dalinn.
Ef slekkurðu ljósin, þá lykur þig nótt,
Og leggirð' í orustu, en hafir ei þrótt,
Þá flýrð' eða fellur í valinn.

Þessvegna — viljirðu vera til gagns,
Vinnandi partur hins eilífa magns —
Þá verðurð' að vaka og starfa.
Hver orsök, er myndarðu, afleiðing ber;
Og árangur fylgir — hvort nokkur það sjer —
Ef unnið er eitthvað til þarfa.

Það liggja svo ótalmörg óspröttin fræ
Á útkjálkum heims og í menningar bæ,
Sem fjellu við frostið og bylinn.
Ef mæta þeim sumarmál, sólskin og regn,
Og sjálfstæði skýlir þeim vorhretum gegn,
Þau lifna við ljósið og ylinn.

1910.

ALDARMINNING

Jóns Sigurðssonar forseta.

1811—17. Júní—1911.

I.

Ósofinn röðull á eldborgir skín,
Ilmur frá birkilaut stígur;
Þokan í hliðunum þokast og dvin,
Þröstur úr hreiðrinu flýgur.
Dunar í bjargskorum, brunar fram gil,
Bláklukk' úr hýðinu raknar,
Gullnum slær roða á grundir og þil;
Guðsmýndin stækkar og vaknar.

Smátt eins og stórt veitir lífinu lið;
Lokkast nú hjarðir um dali.
Kyrrðin er rofin, því vorlætin við
Vakna jafnt prestur og smali.
Alt, sem að lifir, sjer eignar þann dag,

Og óskar að hann verði fagur;
Svo yfir þá lífsþrá og unaðar hag
Skein íslenzkur náttleysisu dagur.

En það var sá dagur, sem fagnaði Frón
Og fólkið var eftir að biða.

Það fann í sjer manni n n,
er fæddur var Jón—

Það fann hjá sjer mátt til að stríða.
Nú barðist það einhuga, vissi það vel
Að völdum þó "danskurinn" sæti,
Þá væri nú kominn sá *Immanúel*,
Sem endur-reist þjóðina gæti.

* * *

Hann lifði og starfaði — leiddi sinn her —
Og landið og þjóðina varði.
En það, sem er ógjört og aflaga fer,
Er eyða í foringjans-skarði.
Því hetjan er liðin, og liðin hans öld,
— En lífið er eilfur kraftur,
Sem þekkir ei dauða nje kör eða kvöld —
Nú kemur hann til okkar aftur!

II.

Velkominn sjertu, vinur landsins beztu,
Að vitja fólksins eftir hundrað ár!

Leyf oss að fagna ljúfum tignar gesti;
Leyf oss að fella nokkur þakkar tár.
Velkominn aftur, vinur landsins beztil
Vorar í sál, með slíkum óska-gesti.

Fögnuður er að finna þig hjer atur,
Foringi! — Rætast þínar heilla spár.
Brýzt nú úr læðing bundinn þjóðar kraftur,
Býður þjer fylgd um næstu hundrað ár.
Vertu nú hjá oss — vinur landsins góði —
Í vilja, framkvæmd, tali voru og ljóði!

Víst er það, vinur, satt, vjer höfum sofið;
Sofandi — komstu í annað sinn — til vor.
Höfum vjer mäske heitin við þig rofið?
Höfum vjer stigið nokkurt Jakobs spor!
Því hvessirð' á oss "ættlands augun fríðu"?
— Er ekki sál þín — djúp af tign og blöðu!

Einhá vjer munum — iturmennið fríða —
Eldinn, sem brann í þinni hreinu sál,
Oss þegar kvaddi alla til að stríða,
Og aldrei víkja fet, þitt snjalla mál.
Foringi! Sýndu forna litillætið:
Forsetinn mikli — þiggðu tignarsætið!

Kom heill og sœll í hærubjörtum ljóma.
Háttprúði Jón, að fegra þingsins starf!
Lát alla gæta síns og landsins sóma:
Sjálfstæðið verja — dýrstan feðra arf.
Vektu þeim smán, er vilja landið svíkja.
Vertu þeim leiðarsteinn, sem aldrei víkja.

* * *

Þiggðu nú alt hið göfga, sanna og góða,
Guð sem að veitti þinni kærri þjóð.
Annað vjer höfum ekki þjer að bjóða
Í aldarlaun, og þetta sínáa ljóð.
Vel er að Ísland vefur þig að hjarta
Vordaga sína, marga, langa og bjarta!

1911.

VANCOUVER.

Þar sem mætast vegur og vogur
Viðir gróa í hlíð,
Frjófga dali sólin signir,
Sumur, löng og blíð;
Þar sem snævi fjöllin falda,
Fuglar kvaka nær,
Elvar söngvar undir taka,
Aldan hörpu slær:

Reis af stofnum stórra víða —
Studd af alvalds hönd —
Borgin fagra, borgin okkar;
Byggð á hlýrri strönd.
Borgin afls og borgin iðju,
Borgin auðs og þors.
Ymsir hjá þjer áttu smiðju
Einhvers gæfu spors.

Þjer að vinna, þig að styðja,
Það er okkar heit.
Búa hjá þjer, — búa með þjer —
Breiðast útum sveit.
Þú ert landsins þrauta-lending,
Þú átt opin sund.
Vertu ávalt auðug, fögur,
Eins og þessa stund.

1911.

SVIPUR.

I.

Hnigin er sólin að sævi,
Svifin er aidan að blómrikri strönd.
Dagsins er útrunnin æfi,
Alsælis-ró fyllir himin og lönd.
Máninn í skýjunum skundar,
Skín, þegar gægjast til jarðar hann má;
Barnið í draumleysi blundar,
Bæn flytur móðirin vöggunni hjá.

Alt, sem að þreytt er og þjakað,
Þæginda nýtur í rökkursins fró;
Alt, sem að ei getur vakað,
Alsvæfi nærast í bjargtraustri ró.
Ástsæl á afskekktum leiðum
Unnustan spjallar sinn hugljúfa við;
Glóhnappar glúpna á meiðum,
Grið þiggur sekur, en sturlaður frið.

Bráðum er dvínaður dagur,
Drúpa nú þögul hver fífill og rós.
Kvöldbjarmi friðsæll og fagur
Fyllir hvert hjarta, með rósem' og ljós.
Mikið og margt er að skoða:
Margfaldast stjörnurnar himninum á.
Hvað skyldi blik þeirra boða?
Bros þeirra lyftir mjer jörðinni frá.

Lífið er atvikum ofið,
Alvizkan þekkir hvað lentugast er.
Frelsið úr fjötrum er rofið:
Jeg finn það er gengið við hliðin' á mjer!
Er mig þá ekki að dreyma?
Er þetta blærinn að læðast um grund?
Eða eru hjer svipir að sveima —
Sálir að mætast á þessarl stund!

II.

Er auga mitt vilt?
Er eðli mitt spillt?
Er alt orðið breytt?
Hvort sje jeg til þín!
Er það sjónhverfing mín —
Eða sje jeg ei neitt?

Komstu að segja mjer söguna þína —
Eða sá nokkrum blómum á götuna mína?
— Reika hjer með mjer á rökkvuðum slóðum?
— Rjúfa upp neista úr kulnuðum glóðum?
Jeg finn þína nálægð, því enn er jeg ungur
Og andi minn fleygur, en líkaminn þungur
Að stika þinn himin um ómælis ár.
Er úthaf ei stærra og meira en tár?
Samt vissi jeg, Hulda, þú varst ekki dáin —
Jeg var ekk' að star' úti eilífan bláinn,
Mig dreymdi svo oft að þú elskaðir mig,
Nú veit jeg það — þekki jeg þig.

Við hliðin' á þjer
Skær hjartað í mjer
Svo hratt — þó svo mjúkt.
Það funar og gýs —
Það fellur og ris —
Jeg finn það er sjúkt;
Samt er jeg glaður og langar að lífa
Því lífi, sem tími og rúm ekki bifa
— Að barmi þjer dauðpreyttu höfðinu halla
— Í hyldjúpa sælunnar arma þjer falla!
Nú fáum við loksins að faðmast og njótast.
Jeg finn hvernig blóðið í æðum þjer rótast,

Er kvöldsvalinn strýkur um kinnin' á mjer,
Og kófrjóður geng jeg við hliðin' á þjer.
Þó höndin þin titri, að henn' er mjer styrkur,
Því hjarta þitt logar svo bjart verður myrkur.
Alt fánýtt og andstætt er flúið á brott —
Nú finn jeg að lífið er gott!

* * *

III.

Hnigin er sólin að sævi,
Svifin er aldan að strönd.
Dagsins er útrunnin æfi,
Alkyrrð um himin og lönd.
Kvöldsvali ljúfur og lipur
Mjer leikur um föla kinn.
Var þetta síðasti svipur?
Hvert sveif 'ann? — Í himininn inn?

Alt, sem að þreytt er og þjakað,
Þægindum nærast og fró.

Alt, sem að ei getur vakað,
Alsvæfis nýtur í ró.

Kvöldsvali ljúfur og lipur
Leikur um huga minn.

Var þetta síðasti svipur

Að svífa í himininn inn?

mjer,
er.
yrkur,
nyrkur.

Bráðum er dvíraður dagur —
Drúpa hver fifill og rós.
Kvölabjarmi friðsæll og fagur
Fyllir minn huga með ljós.

Náttsvali ljúfur og lipur

Læðist að hjartanu inn.

Horfinn er síðasti svipur.

— Nú sje jeg í himininn inn.

1911.

an?

TÓNSKALDIÐ.

A alheimsins tungu þín list er þjer lögð,
Svo ljúf, en svo fögur og há;
Svo blið, eins og móðirin barnið sitt við,
Svo bljúg, eins og dögðþrungið strá;
Svo göfug og helg, eins og Gyðj' eða Ás,
En gjörráð og ströng eins og Þór.
Svo veik eins og barnslif, og völt eins og knör,
Þó völdug og mikil og stór.

A tónanna himni er háskýnt og bjart;
Þitt háseti, kóngur, er þar!
Með öllu því fegursta áttu þar völd,
Sem er, eða verðu, og var.
Því hyldýpi anda þíns bylgjuna bar,
Sem brúaði himin við lönd.
Sú hljómpunga alda, svo ómpýð og klökk,
Mun ymja við tímanna strönd.

1911.

BJÖRK.

Mig langar altaf, ljúfa, fagra björk,
Að lifa frjáls, í skuggum greina þinna;
Að rista nafn mitt á þinn bleika börk,
Og barna gullin, löngu tínd, að finna.

Í eyðimörk svo himin-tignar-há
Á hærri leið þú bendir sjónum mínum;
Ef vær' 'eg þröstur, víst jeg mundi þá
Mjer velja sæt'i á efstu greinum þínum.

Og allan daginn eiga konungsstól
Þar uppi sem að fuglar himins búa;
Og altaf snúa augum móti sól,
Og engu nema sannleikanum trúa.

Og þegar foldu sigur svefn á brá,
Og sorgir lífsins rís' í huga mínum,
Ef vær' eg þröstur vaka mund' eg þá
Og vagga mjer í neðstu greinum þínum.

Og leggjast undir laufatjöldin þín
Í ljúfum blæ, er frjóðögg skærri grætur;
Og syngja hjá þjer sumar ljóðin mín:
Um sólskins dag'a og skuggalausar nætur.

En að því loknu líta morgun sói
Með ljósatungum rauðum sleikja dalinn;
Og líf og gleði fylla byggð og ból
Með blessun, inni hreys'i og konungssalinn.

Og horf' á lækinn líða hratt, en mjúkt
Í ljóss og djúpsins arma fallast láta;
Og lífið, bæði ungt og öfundsjúkt,
Á unaðsstundu feginstárum gráta.

Og hvernig áin, bæði breið og lygn,
Og blærinn, sem að haíá nóg að gera,
Af djúpri lotning lúta þinni tign
Og lauf þín græn um hrjósturlöndin bera.

Og alla fugla ljetta ljúfum blund
Og lim þitt sveigj'a í tónabylgjum sínum,
Og allan heiminn fylla friðar stund,
Af fjarsta tind, að hjartarótum mínum.

* * *

Og kvöldroðinn þá kyssir blöðin þín,
Hann kveikir frið og ró í sálu minni.
Jeg von' eg sofni, þegar dagur dvin,
Og dreym' um sælu — undir krónu þinni.

1912.

VOR.

Nú laugar sólbað lög og strönd,
Og lífgar alt hið veika' og mætti þrotið;
Nú knýttast aftur öll þau bönd,
Sem ár og strið og sorgir hafa brotið.
Nú ris úr moldu reyr og eik
Og rós á hverjum þyrnistöngli spröttur.
Nú glæðist aftur vonin veik,
Er vordögginni laugast sjerhver blettur.
Því hvar sem sól á sumardegi skín,
Og sóley gullin þekur hlið og eyri,
Þar talar lífsins ljúfa rödd til þín:
Að lifa — gleðjast, njóta — verða *meiri*.

Nú syngja þrestir ljóðin löng
Um lífið frjálst í viltum skógar-geimi;
Nú minnir alt á meiri söng
Og meira líf, í virkileikans heimi.
Nú hvislar báran hægum óm

Og hafsins kveðju flytur jarðar búum.
Nú kveða lækir ljettum róm
Um lífið — þetta eina, sem við trúum.
Því hvar sem sól á sumardegi skín
Og sigur unninn yfir köldum vetri,
Þar talar lífsins ljúfa rödd til þín:
Að lifa — gleðjast, njóta — verða *betri*.

Nú hýrnar loksins hjartað kalt
Og hatrið dvínar, grimmdarverkum fækkar;
Nú ríkir líf, sem elskar alt,
Og einstaklingsins verkahringur stækkar.
Nú eykur sjerhvað andans hag
Og altaf ráðast gátur lífsins betur:
Nú senn mun lita sumardag —
Þá sólar-öld, sem fylgir enginn vetur.
Því hvar sem sól á sumardegi skín,
Og sannleikanum búinn griðastaður,
Þar hrópar lífsins ljúfa rödd til þín:
Að lifa -- gleðjast, njóta — verða *maður*.
1912.

SKÓGARDISIN.

Jeg ligg undir laufguðum krónum
Í lundinum, skógar-dis hjá;
Og leik mjer að ljúfustu tónum,
Sem lágróma harpan mín á.

Hún leggur sinn ljósroðna vanga
Við litþrotna kinnin' á mjer,
Og reynir að láta mig langa
Að lifa og gleðjast með sjer.

Hún þenur sitt brjóst mjer að barmi
Svo bjart, en þó logandi heitt;
Hún vefur mig alsælis armi,
Svo óttast jeg get ekki neitt.

Hún grætur mér glódaggar tárur
Og greiðir úr bylgjunum hár.
Hún dregur mjer sviðann úr sárum
Og segir mjer hamingju spár.

Hún ber mig um kletta og klungur,
Og kjassar mit önuga skap,
Svo mjer finnst jeg enn vera ungur
Og endurbætt daganna tap.

Hún sýnir mjer sólroðnar brautir,
Er sveygjast um ónumin lönd;
Hún leggur mjer líkn fyrir þrautir
Og leysir af sál minni bönd.

Hún segir mjer söngfugla kliðinn,
Er síðar fram lækurinn tær;
Hún færir mjer ljósið og friðinn
Og flytur mig himninum nær.

Hún bendir til fjallanna bláu;
Af blænum hún gefur mjer teig.
Hún brosir í blómunum smáu
Og bindur að enni mjer sveig.

Hún leyfir ei sóluanni að síga
En sýnir mjer kvöldroðans tjöld,
Og ljósdöggar lætur hún hníga
A líf mitt, hvert einasta kvöld.

1912.

VINSAMLEG TILMÆLI.

Jeg veit — er jeg dey — svo að verði jeg grátinn,
Þar verðurðu eflaust til taks.
En ætlirðu blómsveig að leggj' á mig látinn
— Þá láttu mig fá hann s t r a x.

Og mig, eins og aðra, sem afbragðsmenn deyja,
Í annála skrásetur þú;
Og hrós um mig ætlarðu sjálfsagt að segja,
En — segðu það helúur nú.

Og vilji menn þökk mínum verðleikum sýna,
Þá verður það efalaust þú,
Sem sjóð lætur stofna í minningu mína,
En — mjer kæm'ann betur n ú.

Og mannúðar duluna þekki jeg þína,
Sem þenurðu dánunum í hag.
En ætlirð' að breið' yfir brestina mína,
Þá breidd' yfir þá í d a g.

1912.

SKIPBROT.

Breitt og djúpt var hafið, en báturinn var smár,
Sem borið hafði farmanninn úr landi;

Og margan hreppt' 'ann storminn, um öll
hin liðnu ár,

Þó altaf hefð' 'ann getað varist strandi.

Og sú mun flestra reynsla, er bárust um
á bárum,

Þó blóðið ekki sjáist, sem rann úr þeirra sárum.

Því ungur hafð' 'ann verið, er fyrst hann
steig á fjöl,

Og farmannslundin bátnum sínum treysti.

Hve gaman væri öldurnar að kljúfa
með þeim kjöl,

Og kveða svo um afreksverk og hreysti.

En láta gegnum stormsjóa litla bátinn ganga,

Og löðrið, eins og meyjarhönd, strjúka
sjer um vanga.

Nú var hann orðinn þreyttur, og langaði til
til lands,

Að lifa það sem eftir væri' í næði.

Og ströndin var svo fögur í hugarsjónum hans—

Um hana var svo ljúft að syngja kvæði,

Því hann og æðsta hugsjónin hlutu þar að

rætast,

Og hjartað geymdi vonir, sem áttu þar að rætast.

Því lengur sem hann horfði, því lygnari varð sær,

Og loksins var hann orðinn kyrr og sljettur.

Í hafsins spegli roðnaði nú himin-dísin skær,

Og handan það var land, og sólskins blettur.

Þar fuglar sát' á trjánum og sung'u um

kvöldið hjarta.

Og sólarljósið brotnaði svo milt á farmanns

hjarta.

Hann hafði verið sjúkur, nú fann hann loksins

frið,

Því farmanninum land er öllu kærri.

Þó seglin ekki stæðu, þá sat hann stýrið við,

Og sýndist landið verða nær og herra.

Því gaman er á sænum, er sólin skín á bárum,

Þó seglin ekki standi, ef þróttur fylgir árum.

Og seglin vafð' 'ann saman, af sveif hann
leysti ól

Og sjómannshöndin greip á traustum árum.

Nú hert' 'ann brátt á skriðinu, svo hrönnin
bátinn fól

Og hafflöturinn þakti bláum gárum.

Því ljettur er þeim róðurinn, sem land
að stafni hefur,

Og lengri sem er þrautin, hún stærri sigur gefur.

Þá stóð hann upp í bátnum, og lagði árar inn.

— Nú átt' 'ann ekki fleiri tog að róa!

Hann vissi hvað það var, að leit' í lægi inn,

Og landróðurinn taka milli sjóa.

En — hjer var engin lending, og ekkert nema

sker,

Sem öldu hverja brýtur, er hafið þangað ber.

Því særinn hafði þvegið burt sólarlandið hans.

— Hann sá það hafði verið — aðeins hylling.

Hann vissi það var síðasta von að ná til lands.

— Von, sem dæji, og næði aldrei fylling!

Og farmannshjartað titrað' en tár í augum stóðu,

Og tilkenningar neistar í vonarlogum glóðu.

Svo leit hann við og brosti, og sagði seint og rótt:
“Nú síðsta striði lífsins hef jeg barist.
Því eftir þennan brotsjó, þá alt er orðið hljótt,
Mun einhver sjá, að bátur hafi farist.”
Og ef þú ekki trúir, þá komdu þar á kveldin,
Er kallar hann í skerinu, og tíndu sprek —

í eldinn.

1912.

ótt:

ÍSLAND.

Leistu nú, þrottinn, ljóð á tungu mína.
Ljókta nú þnu hverju Frónsku hjarta.
Láttu nú sól á landið kalda skína.
Leiddu hvern Íslending um vegu bjarta.

Særinn er úfinn, en svipvindar skýbólstrum feykja.
Sæbratta ströndina brimtungur mjallhvítar sleikja.
Stormbarin nes skýla djúpskornum vikum og
vogum;

Vella þar boðar á skerjum, með orgum og sogum.

Kalt er í sveitum og sólþrot um grundir og hjalla.
Situr á gnýpunni Valur og horfir til fjalla,
Þar sem að sauðaval krafsar um þeyslegna rinda
í þráviðris-dal, millum brattra og snæpaktra tinda.

Rýkur upp mjallfok, en rökkvar um hóla og dali;
Ráfar á hjarninu þreyttur og klæðlitill smali.
Bragandi norðurljós lýsa' 'onum hrimstorknar leiðir,
En lífvana gilbúinn svellhjúp á fjölgresið breiðir.

Stórviðris byljir, er standa' allan guðslangan
daginn,

Steypa úr snjódufti múr kringum vistþrota bæinn.
Háttar þar fólkið i rúm undir svignuðum súðum,
Er syrtir að nótt fyrir hrímuðum baðstofu-rúðum.

Svo kemur vorið, og dagarnir lýsast og lengjast,
Og lengst inni afkima vermandi sólgeislar
þrengjast,

Himininn blánar, en haföldur klökkar og þýðar
Hvarfla til lands, þar sem blasa við grænkandi
hliðar.

Söngfuglar kvaka, en sóleyjar brosa i túnum.
Suðandi smálækir steypast af dalanna brúnum.
Spenna þar kjarr-viðir greipar, um sprungur og
hjalla,
En speglast í Svana-tjörn ásjónur dimmblárra
fjalla.

Bæla sig jórtrandi hjarðir um hóla og dali,
Hoppar i kringum þær léttfættur, syngjandi smali.
Glóandi dagg-perlur glitra um laufþakinn völlinn.
En guðvefjar skykkjuna kvöldroðinn breiðir á
fjöllin.

Laxar og silungar leika í straumum og hyljum.
Ljóð syngja fossar, en berglindir ólga í giljum.
Troðjúgra lambærnar standa við stekkin og
jarma,

En stór-árnar þögular fló' útá grösuga barma.

Lág-þýðir, titrandi lífhljómar, hvervetna óma.
Lútir hvert strá, hjúpað tárþögurum eilífðar blóma.
Af frjó-hjelu dögð verða Reyrrinn og Einirinn
rakir,

En rauð einsog eldur, á hafinu náttsólin vakir.

Þannig er Island. Hver gæti því gleymt þó 'ann
vildi?

Svo grimmúðugt, hrjóstrugt, en sveipað í fegurð
og mildi l

Landið, sem veður í hafíss og stórelða streymi —
Stórskorna landið, sem *fegurst er allra í heimi.*

Landið, sem Garðar og Ingólf af hafinu hylti.
Hamingju landið, sem morgunsól frelsisins gylti l
Landið, sem fyrst skráði „Lýðstjórn“ í menningar
sögu.

Landið, sem afreksverk geymir í þungskildri bögu.

Þar áttu feðurnir frægðar og hamingju daga;
Fræjum til blessunar stráðu þar Iðun og Saga,
Ljúfmenskan, hreystin og harkan og þrekið og
mildin,
Háttprýðin, stórlyndið, vizkan og tryggðin og
snildin.

Gott er að kalla til arfs úr þeim ótæmda sjóði:
Íslenzkum drengskap og norrænu víkinga blóði;
Mest er þó sæmdin, að sýna í orði og verki,
Sonur hvers lands sem þú ert, að þú berir þess
merki.

Og vittu það, barn, sem að hefur á landinu lifað
Og lesið þær rúnir, sem tímarnir hafa þar skrifað,
Að föðurlands-ást er þar letuð í sjerhverri línu;
Hún lifir þó fegurst í ókveðna ljóðinu þínu!

* * *

Með glóandi sólskin á sjerhverjum hnjúki og tindi,
Sumar í loftin'u og smáblóma angan í vindi:
Að alveldis barminum Fjallkonan höfðinu hallar
Og heim í sitt móðurskaut fjarlægu börnin sín
kallar.

1913.

SONAR TORREK.

Sigurjón Kristinn, sonur höf.

[Dó af slysi fjöggra ára gamall 6. Október 1908.]

I.

Einmana sit jeg, því alt er mist;
Andvarinn þýtur um beran kvist,
Fölnuðu lafin fjúka.
Hugin er sólin að sævar brún,
Síðustu geislana teygir hún
Á fjöllin og hæstu hnjúka.

Dagsbirtan þverrar og dregst að hóm,
Dularfull ró yfir tíma' og rúm,
— Grátkyrrö — sem náttúran gefur.
Blik senda stjörnurnar blásölum frá,
Blaktandi drúpir í lautinni strá,
Báran á sæfleti sefur.

Hjer er jeg glaumi heimsins fjær,
Hjer er jeg Guði sjálfum nær;
Nú get jeg tárast í næði.
Hjer er svo ágætt að hvíla sig —
Hjer er ekkert, sem truflar mig.
Nú vil jeg kveða kvæði.

II.

Fagur er morgun;
Um fjöll og um dali
Sólgeislar reika
Og syngjandi smali.
— Um döggvota dali.

Lækirni kveða
Ljóðin í hliðum.
Ómurinn berst mjer
Í öldum svo þýðum.
— Blæhytnum blíðum.

Vaggar sjer aldan
Um voga og sundin;
Titringinn finn jeg
Því gijúp er nú grundin.
— Fögur er stundin.

Blóm heilsar blómi.
Og brekkunni þakkar —
Og dögginni — næring;
Til dagsins það hlakkar.
— Hlakkandi þakkar.

Hreiður sjer byggja
Hrafninn og Lóan;
Kjósa að heimili
Klettinn og móann.
— Lyng-gróinn móann.

Fer nú til veiða
Fuglinn úr bjargi;
Alt fyllist loftið
Af urgi og gargi.
— Iðar í bjargi.

Lömbin frá stekknunum
Stökkva með ánum;
Svo þegar stanza þær,
Sjúga á hnjánum.
— Lömbin með ánum.

Blær fer með sólunni;
Beygir hann stráin.

Glampa slær á fold —
Gárum á sjáinn.
— Birtir um bláinn.

Þyrlar upp jóreyk,
Til þings er bóndi riðinn —
Manna ferð alstaðar,
Morguninn liðinn.
— Úti um griðin.

Brestur á stormur,
Brýtur hann stráin;
Ótti fer um storð —
Angist um sjáinn.
— Bliknuð er bráin.

Fyllist leikvöllur,
Lófaklapp dynur.
Inni sárt í sæng
Sjúkur stynur
— Vandalaus? — Vinur?

Heyrist vagna skrölt,
Værðir spillast.
Ymjá köll og óp,

Kauphús fyllast
— Hugir hyllast.

Beiðist beininga úti
Boginn halur;
Dynur fyrir dans
Drykkju salur.
— Dýr er hver dalur.

Seilist mögur hönd,
Starir síónlaust auga;
Fyrir smápening
Feginstár lauga
Ljósprotið auga.

Ekur yfir torg
Auðkýfingur;
Brosir blómleg mey,
Bogna nettir fingur.
— Herðir að hringur.

Troða blautan stig
Berir fætur,
Vill blaðadrengur
Biða rætur
Glaður, en grætur.

Lofar skini skúr,
Finna skýli stráin.
Faðmar móðurást
Fölnann náinn.
— Drenginn sinn dáinn.

III.

Það rothögg kom eins og reiðarslag,
Sem rænd' okkur lífi báða,
Og sendi um hádegi sólarlag,
— Í sorg verður fátt til ráða!
Og engan jeg veit, er æsk' að sjá
Þá orustu framar háða.

Jeg man það enn, hvað var sárt að sjá
Þig sveipaðan dánar hjúpi.
En samt veit jeg harma, sárr' en þá,
Er svella í grafar djúpi.
— Jeg lit ekki niður, að leita þín.
Við legstaðinn þó jeg krjúpi.

Þó ásýnd fölnað' og augað þitt
Við atlögu dauðans brysti,
Þá hlýnaði við það hjarta mitt
Er hönd þína dán' eg kysti.

Jeg vissi þá ekki, jeg veit það nú
Það varst ekki þú, sem jeg misti.

Við dauðans atlögu drjúpa tár,
Ef dugur og skynsemd þrýtur;
En böli og sælu eyða ár,
Ef annars ei meira nýtur,
Því augnablik verða eilífð jöfn
Og ölduna skerið brýtur.

Þó bani þinn hafi byrgt mjer sól
Mun breytast sá stundar hagur,
Því bakvið skyið, sem skinið fól,
Er skærari og meiri dagur.
Þar eigum við samtíð, elskan mín!
Sá eilífðar heimur er fagur.

IV.

Jeg gríp í þann strenginn, sem sterkastur er,
Nú styðst jeg við aflið, sem ríkir í mjer,
Þann kraft, sem er í öll' og yfir.
Nú heyri jeg lífið, í hjartanu slá.
Sje himininn lyfta sjer jörðunni frá.
Nú sje jeg að sonur minn lifir.

Nú veit jeg að lífið er guðborin gjöf
Og grátandi móðir við sonarins gröf
Er sólroð' af sigruðum hörmum.
Nú sje jeg hvert ágæti elskan að er,
Og alla þá fegurð og tign sem hún ber,
Með deyjandi ástvin í örmum.

Nú birtast mjer sýnir frá Sögunnar öld:
Jeg sje hvernig alt hefur morgun og kvöld,
Sinn hádag og heldimmar nætur.
Sje kóngsríki fæðast, með keisara stól,
Og kristnina örugga halda þar jól,
Er svívirta sakleysið grætur.

Nú sje jeg hið vopnaða víkinga lið,
Er vörð heldur enn um hinn blóðuga frið,
Sem keyptur er kaunum og tárurum.
Nú veit jeg hvað konungstign vegsamleg er,
Nú veit jeg hvað ágætur plástur hún er
Á sviðann í hermanna sárum.

Nú veit jeg hvað læ'nað fær sviðann í sál.
Jeg sje þau í rekkjunni, Bergþóru' og Njál
Og reykin frá rústunum stíga.
Nú birtist mjer Gunnar í síðasta sinn

Er sveigði hann bogann, en þekjan fjell inn.
Sje hetjuna v in þ r o t a hníga.

Hvað sagði jeg! — Þetta er sjónhverfing ein.
Jeg sje að eins grafreit, með steini við stein
Og minningar merkjunum háu.
— En sveigar og legsteinar segja' ekki þar
Sannara um, hver hinn framliðni v a r,
En tárin á leiðunum lágu.

V.

Aldrei verður eðli lífsins breytt —
Auðn og dauði hagma því ei neitt.
Líf, sem vakið einu sinni er,
Er og verður, — þ a r, ef ekki h j e r.

Líttu, móðir, litla drenginn þinn
Leika sjer um stirndan himininn.
Senda kveðju' í sólar yl til þín:
Sjáðu, mamma, barnaga!!in mín!

Þegar harmar lífsins leita á,
Lítil hendi strýkur tár af brá.
Og engilrómur hjalar þýtt við þig:
"Þykir nú þabba mínum vænt um mig."

VI.

• Einmana, snauður—því alt er mist.
Andvarinn þýtur um beran kvist,
Fölnuðu laufin fjúka.
Sólin er hnigin að sævar brún,
Síðustu geislana teygir hún
Á fjöllin og hæztu hnjúka.

Dagsbirtan þverrar en dregst að hóm;
Dimmir nú mjög um tíma og rúm,
Og margt er sem að mjer amar.
— — Náttkul að hjartanu næðir inn.

— — — — —
— — — — —
Nú hef jeg kvatt þig, sonur minn.

* * *

Nú yrki jeg aldrei framar.

1913.

EFNIS RÖÐ.

	Bla.
<i>Proslambanomenos</i>	3
<i>Til Lesandans</i>	5
Hekla (1892)	9
Heilabrot (1892)	11
Skilnaður (1892)	13
Brot (1893)	15
Leiðsla (1893)	16
Afmæliskveðja (1893)	19
Grafskrift (1894)	21
Ávarp til Stúkunnar „Einingin“ (1894)*	22
Píslarþankar (1894)	25
Vornött (1895)	29
Magnús Finnson (1895)*	31
Brennumál (1896)	34
Guðný Benónýsdóttir (1896)*	37
Skilnaðar minni (1896)	39
Í Brúðkaupi (1897)	42
Sumarósk til stúlku (1898)	45
Halaklettur (1898)	46
Eintal (1898)	50

	Bla.
Lóu Ljöd (1899)	52
Við Lagarfljót (1899)	54
Mamma (1900)	56
Hugsanir deyjandi drykkjumanns (1901)	58
„Review“ (1902)	65
Ættjarðarást (1903)	67
Ísland hverfur (1903)	68
Barnið mitt (1903)	70
Timamót (1904)	72
Sjómanns ekkjan (1905)	74
Ísak Jónsson, íshúss-stjóri (1906)	79
Fallna stúlkan (1907)	83
Drottinn (1908)	89
Sumarmál (1910)	90
Jón Sigurðsson forseti (1911)	91
Vancouver (1911)	95
Svipur (1911)	97
Tónskáldið (1911)	102
Björk (1912)	103
Vor (1912)	106
Skógardísinn (1912)	108
Vinsamleg tilmæli (1912)	110
Skipbrot (1912)	111
Ísland (1913)	115
Sonar torrek (1913)	119

The Columbia Press, Ltd.
Winnipeg.

